



Rétt aðferð við silicon límingu. Hér er góð loftun um siliconið. Ekki má fúga utan með speglinum/glerinu fyrr en siliconið hefur náð fullri þornun.



Hér gildir það sama og í dæmi (A) að viðhalda góðri loftun um siliconið.



Röng aðferð við silicon límingu. Siliconið nær ekki að þorna þar sem loftun er ábótavant.

Upplíming spegla og lakkaðra glerja

Nauðsynlegt er að vanda upplímingu spegla og lakkaðs glers. Algeng aðferð er að líma með siliconi en einnig má nota sérstök flísalím til að líma upp lakkað gler. Til að tryggja góða viðloðun er mikilvægt að flöturinn sem líma skal á sé þurr og laus við ryk og óhreinindi.

Silicon líming

Sprauta siliconi í punkta með 25 x 25 cm millibili (A) eða í lóðréttar línur með 15 - 20 cm á milli lína (u.þ.b. 5 mm taum) (B), það tryggir loftun bak við spegilinn eða glerið. Þrýsta speglinum/glerinu að límflatinum og notaðu kubba, límband eða annan stuðning við glerið þar til siliconið hefur náð fullri þornun. Fara vel eftir upplýsingum framleiðanda siliconisins um notkun og áætlaðan þornunartíma efnisins.

Tegund silicons

Silirub II frá Soudal má nota bæði fyrir spegla og lakkað gler en einnig má nota önnur sambærileg silicon.

Almenna reglan er að nota sýrufrí silicon, ekki súr silicon lím eins og acetoxy silicon (inniheldur ediksýru) eða vatns- gúmmí- og polyurethanelím. Fyrir MNGE spegla má nota silicon sem innihalda alcoxy og oxime efni.

Ráðlagt er að nota glær eða hvít silicon með lökkuðu gleri. Mögulegt er að greina siliconið í gegnum litinn, sérstaklega í ljósum litum, en það hverfur þegar siliconið hefur náð fullri þornun.

Tegund flísalíms

Ultramastic III frá Mapei má nota fyrir lakkað gler.

Ekki er ráðlagt að nota flísalím ef um stór gler er að ræða. Fara vel yfir upplýsingar frá framleiðanda límsins um magn per kg. og áætlaðan þornunartíma.